



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um endurskinsmerki fyrir grunnskólabörn*

Á fundi borgarráðs 14. nóvember 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

*Flokkur fólksins leggur til að Reykjavíkurborg gefi öllum grunnskólabörnum í Reykjavík endurskinsmerki. Með slíkri gjöf er borgin að stuðla að auknu öryggi barna í umferðinni. Barn sést fimm sinnum fyrr þegar það lendir í ljósgeisla bíls miðað við þann sem er ekki með endurskin. Kostnaður við að gefa grunnskólabörnum borgarinnar endurskinsmerki gæti verið um 25 milljónir og má taka það fjármagn af liðnum „ófyrriséd.“ Öryggi barnanna í umferðinni í borginni ætti að vera efst á forgangslista okkar allra. Öll viljum við leggja okkar að mörkum til að börnin séu sem öruggust nú þegar skammdegi er mest. Skemmtilegt væri ef börn fengju það verkefni að hanna endurskinsmerkið.*

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs tekur undir mikilvægi þess að grunnskólabörn í borginni sjáist vel í umferðinni og að notkun endurskinsmerkja stuðli að auknu öryggi barna í umferðinni.

Afar mikilvægt er að foreldrar sjái til þess að börnin sé vel sýnileg í umferðinni og nýti endurskinsmerki sem hæfa aldri þeirra og smekk.

Á heimasíðu Samgöngustofu [www.samgongustofa.is](http://www.samgongustofa.is) kemur fram að endurskinsmerki eru á mörgum gerðum af skólatöskum barna og unglinga en að einnig séu til endurskinsmerki sem hægt er að líma á fatnað, bakpoka o.fl. Hægt er að fá endurskinsmerki í ýmsum gerðum og stærðum en verð mismunandi eftir gerð. Samgöngustofa bendir á að endurskinsmerki séu víða til á heimilum í skúffum og skápum og að þau geri lítið gagn séu þau ekki notuð. Jafnframt sé endurskinsmerkjum dreift af fyrirtækjum, félagasamtökum og íþróttafélögum. Ætla má að börn og unglingar geti borið slík merki með nokkru stolti ef um er að ræða starfsemi sem þau tengjast með einhverjum hætti. Í þessu samhengi er rétt að benda á að samkvæmt reglum borgarinnar um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi borgarinnar mega starfsstaðir

borgarinnar þiggja gjafir ef stjórnandi telur að gjafirnar hafi fræðslu- og forvarnargildi og með því skilyrði að börn, starfsstaðir eða gjöfin sjálf sé ekki merkt kostunaraðila.

Af þessu sögðu telur skóla- og frístundasvið ekki að brýn þörf sé á að Reykjavíkurborg verji 25 milljónum til innkaupa á endurskinsmerkjum. Fjölmargir dreifa endurskinsmerkjum og þau eru til á langflestum heimilum. Innkaup og dreifing endurskinsmerkja á vegum Reykjavíkurborgar myndi ekki tryggja öryggi barna í umferðinni. Mikilvægara er að hvetja til notkunar á endurskinsmerkjum.